



Velkomin(n) á bókasafnið

*“Með orðum öðlumst við skilning.
Með orðum lærum við að útskýra hlutina.
Orðin hjálpa okkur að lifa í sameiningu”*

BENKT-ERIK HEDIN

Barn, sem á unga aldri fær að hlusta á sögur og frásagnir, fær ríkan orðaforða. Að lesa upphátt fyrir eigið barn er góð aðferð til að stuðla að málþroska þess og hvetja hugmyndaflugid.

Þú getur hjálpað barninu þínu að öðlast auðugt mál, með því að hlusta á það og tala við það. Allt, sem þið gerið í sameiningu, stuðlar að því að barnið tali gott mál. Lestu fyrir það, syngdu fyrir það, segðu því frá, útskýrðu fyrir því, leiktu við það! Gerðu það snemma, þegar frá fyrstu stund, því það er í byrjuninni, sem grundvöllur tungunnar er lagður.

Talaðu við barnið þitt á móðurmáli þínu. Ef barnið temur sér auðugt málfar á unga aldri á það auðveldara með að læra önnur tungumál.

Á bókasafninu eru til bækur fyrir börn á öllum aldri. Það eru til spjaldmyndabækur fyrir yngstu börnin, myndabækur, bækur með hendingum og þulum, ljóðabækur, bækur með sögum og frásögnum.

Á bókasafninu eru til bækur fyrir alla aldursflokka og á mörgum tungumálum. Við aðstoðum þig gjarna við að finna það, sem þú leitar að og það kostar ekkert að fá eitthvað að láni hjá okkur!

Á bókasafninu eru líka bækur fyrir fullorðna um barnasjúkdóma, barnasálfræði, barnaupveldi o.fl.. Á bókasafninu eru til bækur á mörgum tungumálum, bæði fyrir börn og fullorðna.

Velkomin(n)!

